

Cellini



CELLINI DUAL TIME

ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is



ÞEKking SÓTT AÐ UTAN

Workis aðstoðar fyrirtæki við að greiða úr flækjum sem fylgja því að ráða sérfróða starfsmenn að utan. ➔ 14

EITTHVAÐ NÝTT Á HVERJUM DEGI

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF, segir grósku í ferðþjónustu slíka að hún hafi varla við að tileinka sér eitthvað nýtt á hverjum degi. ➔ 4

VIÐSKIPTA Mogginn



Klassísk amerísk gersemi endurvakin í nútímalegri mynd. ➔ 4



Unnið í samvinnu við
FINANCIAL TIMES




Risi gengur inn í heimshagkerfið

Hvernig Kína verður samþætt alþjóðahagkerfinu er líklega vandasamasta verkefnið í efnahagsmálum á komandi árum. ➔ 10


Lítill uppgríp í tónlistarbransanum

Þrátt fyrir vaxandi tekjur af streymi tónlistar, sem nú eru orðnar meiri en af niðurbali, er markaðurinn furðulítil. ➔ 11

Úrvalsvísitalan



EUR/ISK



Þrýstu á óháða stjórnarmenn

Stefán E. Stefánsson
ses@mbl.is

Stjórnarmaður í VÍS er ósáttur við framgöngu tiltekinnna lífeyrissjóða í tengslum við afturköllun fimm milljarða arðgreiðslu og skipan í stjórn.

Fjárfestirinn Guðmundur Þórðarson, sem tók sæti í stjórn VÍS í fyrra í skjóli eignarhlutar síns í félaginu, segir óháða stjórnarmenn hafa verið beitta þrýstingi af tilteknum lífeyrissjóðum þegar tekin var ákvörðun um að afturkalla tillögu um fimm milljarða arðgreiðslu hjá félaginu. „Ég held að sú atburðarás sem átti sér stað í kjölfar tillagna stjórnar VÍS um arðgreiðslu sýni okkur að það er mjög erfitt að vera óháður stjórnarmaður. Pressan sem var sett á fólk, sem á launin sín og oft mannorðið undir, var mjög óeðlileg og vonandi er þetta ekki eitthvað sem koma skal. Það á enginn að þurfa að sitja undir slíku sem óháður stjórnarmaður.“



Morgunblaðið/Eggert

Ný stjórn VÍS verður kjörin á framhaldsaðalfundi hinn 6. apríl næstkomandi.

Segir Guðmundur að ekki sé rétt að tala um viðkomandi aðila sem óháða. „Það virðist vera orðið mjög algengt að stórir fagfjárfestar séu að greiða svokölluðum óháðum stjórnarmönnum atkvæði sitt á fundum. Þessir sömu aðilar auglýsa eftir þessum stjórnarmönnum, taka þá í viðtal, leggja mikið á sig að afla þeim stuðnings meðal annarra fjárfesta og tala svo um þessa stjórnarmenn sem óháða sér.“

Þegar orð Guðmundar voru borin

undir Árna Guðmundsson, framkvæmdastjóra Gildis, sagði hann að forsvarsmenn sjóðsins hefðu ekki sett þrýsting á stjórnarmenn í félaginu.

Gagnrýnir tilnefningu í stjórn

Guðmundur gagnrýnir einnig þá ákvörðun lífeyrissjóðsins Gildis að styðja Helgu Hlín Hákonardóttur til stjórnarsetu í félaginu. Segir hann að ágreiningur milli hans og Helgu sé mörgum kunnur, sem tengist sam-

eiginlegum rekstri líkamsræktarstöðvar. Það samræmist ekki góðum stjórnarháttum að bjóða fram óháðan stjórnarmann sem hafi átt í átökum við stóran fjárfesti í félaginu sem einnig sitji í stjórninni.

„Ég verð að viðurkenna að mér fannst það sérstök ákvörðun hjá Gildi að stinga upp á henni í stjórnina. Bæði Gildi og Helga hafa tjáð sig um mikilvægi góðra stjórnarháttar og ákvörðun sem þessi samræmist á engan hátt góðum stjórnarháttum. Ég vil auðvitað ekki trúna því að Gildi hafi vitað um ágreining okkar Helgu og sé það rétt þá er dómgreindarskortur hennar enn meiri.“

Árni Guðmundsson segir að Gildi hafi metið stöðuna svo að ágreiningur milli Guðmundar og Helgu ætti ekki að hafa áhrif á stjórnarstarfið. „Gildi vissi að umræddir aðilar hefðu átt í samstarfi þar sem ágreiningur kom upp, en taldi það enga þýðingu hafa í faglegu mati á því að Helga væri mjög góður fulltrúi í stjórn VÍS, sérstaklega vegna áherslu sjóðsins og hennar á góða stjórnarhætti.“

Áhættan er stundum of mikil

Forstjóri Reita segir félagið telja sum verkefni í 101 Reykjavík of áhættusöm. Leigan hækkar ekki meira.

Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, kveðst skilja að leigutakar gagnrýni tugprósenta hækkanir á húsaleigu við endurskoðun leigusamninga.

Hinu megi ekki gleyma að eftir hrúnið hafi fasteignaeigendur í einhverjum tilfellum þurft að koma til móts við leigutaka vegna breyttra aðstæðna. Í því ljósi sé ekki óeðlilegt að við endurnýjun leigusamninga „vilji menn hugsanlega ná til baka einhverju af því sem þeir telja sig hafa þurft að gefa eftir í kreppunni“.

Guðjón segir „gul flögg“ á lofti á

fasteignamarkaði. Reitir hafi fallið frá þátttöku í ýmsum fasteignaverkefnum í miðborginni, enda hafi félagið ekki talið þau standa undir sér. Fasteignaverð í miðborginni og verð fyrir byggingarrétt sé komið í þær hæðir að Reitir telji áhættuna of mikla. Í sumum tilvikum sé leiga í miðbænum orðin svo há að hún verði ekki hækkuð frekar. ➔ 8



Morgunblaðið/Eggert

Guðjón segir verð fyrir byggingarrétt orðið hátt í 101 Reykjavík.

EY

Alþjóðleg þekking - persónuleg þjónusta

Endurskoðun | Skattur | Ráðgjöf

Ernst & Young ehf. Borgartúni 30, 105 Reykjavík

ey.is